

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020, vegna Suðvesturlína - tengivirki, Rauðamelslína 1, Reykjaneslína 1, Svartsengislína 1.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 23. júní 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020 frá 17. desember 2002.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Tengivirki við Rauðamel fellur brott.
2. Rauðamelslína 1 (220 kV) framlengist í nýtt tengivirki á Njarðvíkurheiði og mun línan fá heitið Reykjaneslína 1.
3. Gert er ráð fyrir nýrri línu, Reykjaneslínu 2 (220 kV), samhliða núverandi línu frá Reykjanesvirkjun að Njarðvíkurheiði.
4. Svartsengislína 1 (132 kV) tengist núverandi Fitjalínu 1 við Rauðamel þegar tengivirki þar verður fjarlægt.

Einnig verða lagðir afleggjarar og hliðarslóðar út frá núverandi línuslóðum.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 23. júní 2010.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.